


Sendandi: Meike Erika Witt, Selfoss, Leiðsögumaður og ferðaráðgjafi

Til nefndasviðs Alþingis

Dags. 15. Febrúar 2022

Umsögn

Stórefling innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar

142. mál, þingsályktunartillaga 

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingmálið var áður lagt fram sem [42. mál á 151. þingi \(stórefling innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar\)](#).

Undirrituð fagna auknum metnaði í innlendri matvælaframleiðslu þarsem aukið aðgengi almennings að innlendri matvöru er stórt skref í átt að sjálfbæru og loftslagsvænna samfélagi.

„Í matvælaráðuneytinu horfum við til þess að Ísland verði í fremstu röð á heimsvísu í framleiðslu hágæða matvæla. Við leggjum áherslu á ábyrga umgengni við náttúru og sjálfbæra nýtingu auðlinda, öflugra nýsköpun og vöruþróun í hæsta gæðaflokki,“ segir í stefnumiði nýs Matvælaráðuneytis sem tók til starfa í dag 1. febrúar 2022.

Ég tel hins vegar að liður 18 og 19 stangast á við “ábyrga umgengni við náttúru” og hvorki loðdýrahald né blóðtaka mera til að framleiða PMSG teljast sjálfbær.

Janice Cox & Jessica Bridgers, Why is Animal Welfare Important for Sustainable Consumption and Production? UN Environment, 2019

<https://apo.org.au/sites/default/files/resource-files/2019-03/apo-nid225921.pdf>

Linda Keeling et al., Animal Welfare and the United Nations Sustainable Development Goals, 2019, <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fvets.2019.00336/full>

18. grein

Í ofanefndri þingsályktunartillögu í lið 18. er eftirfarandi orðalag:

Framtíð loðdýraræktar verði tryggð, t.d. með útflutningsábyrgðum, fóðurstyrkjum og sérstökum framkvæmdalánum.

Þessi búgrein er mjög umdeild og víðast hvar í Evrópu bönnuð út af dýravælféðasjónarmiðum. Dýrin eru ekki ræktuð til matvælaframleiðslu, einungis feldurinn er notaður og þarf að urða eða brenna stærsta hlut dýrsins sem getur varla talist sjálfbær. Loðdýrabú eru verksmiðjubú eða þauleidi, þar sem ekki er hægt að tryggja velferð dýra skv. lögum um velferð dýra sem krefjast að umhverfi dýra skuli leyfa þeim að athafna sig eins og þeim er eðlilegt.

VIII. kafli. Aðbúnaður, umhverfi o.fl.

■ 29. gr. Aðbúnaður dýra.

☐ Umráðamaður dýra skal tryggja að dýr séu haldin í umhverfi sem samræmist sjónarmiðum um velferð dýra, m.a. hvað varðar öryggi þeirra og heilbrigði, og tekur tillit til bæði sérstakra þarfa dýrsins og séreinkenna tegundarinnar. Umhverfi dýra skal vera þannig, eftir því sem við

á, að þau geti athafnað sig, hreyft sig, hvílst, notið útivistar, beitar eða viðhaft annað atferli sem þeim er eðlilegt.

Minkarækt var bönnuð með lögum á Íslandi árið 1950 og leyfð að nýju árið 1969.

Austurríki, Bretland, Króatía, Slóvenía, Tékkland, Lúxemborg, Bosnía og Herzegovína, Serbía og Makedónía hafa nú þegar bannað loðdýrarækt.

- Frakkland bannar minkaeldi 2025.
- Holland hefur bannað loðdýraeldi með refi og chinchillas. Síðustu minkabúin hættu starfsemi í kjölfar COVID smita í minkum á síðasta ári.
- Noregur og Slóvakía banna loðdýraeldi frá 2025.
- Belgía bannar loðdýraeldi frá 2023.
- Eistland bannar loðdýraeldi frá 2026
- Danmörk hefur bannað loðdýraeldi í kjölfar smithættu af COVID19 og framlengt bann til ársins 2022. Pólitísk samstaða er um að banna loðdýrahald til framtíðar.
- Sviss hefur sett mjög strangar reglur um dýravelferð sem hafa leidd til þess að engin loðdýrarækt hefur farið fram þar í mörg ár.

Í ljósi framangreindra atriða væri fráleitt að ýta undir frekari umsvif í loðdýrarækt hér á landi. Íslensk stjórnvöld ættu að sjá sóma í því að hætta að styðja við búgrein sem stangast á við lög um velferð dýra og eigin settum markmiðum um sjálfbærni og ábyrga umgengni við dýr sem eru hlutur af náttúrunni.

19. grein

Í ofan nefndri þingsályktunartillögu í lið 19. er eftirfarandi orðalag:

Stutt verði við hrossarækt og hún eflað til að nýta þau tækifæri sem þar liggja, m.a. til aukins útflutnings á lifandi hrossum og til nýtingar merarblóðs í lyfjaframleiðslu.

Undirrituð lýsir yfir þungum áhyggjum af því dýraníði sem fjallað hefur verið um í fréttum um blóðmerahald á Íslandi. MAST hefur nú fært málið um það dýraníð sem sést í myndbandi AWT/TBS samtaka til lögreglu. En málið er mun stærra en einstök atrið sem sjást í því myndbandi.

Blóðtakan almennt og hvernig hún er framkvæmd hefur orðið fyrir mikla gagnrýni og er á skön við lög og reglugerðir á Íslandi.

T.d.

Lög um velferð dýra <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013055.html>

16. gr. Aðgerðir og meðhöndlun.

Skurð- og lækni aðgerðir og önnur meðhöndlun dýra skal aðeins framkvæmd þegar og á þann hátt að velferð dýra sé höfð að leiðarljósi og tryggð að meðferð lokinni eins og unnt er. Ekki er heimilt að framkvæma aðgerð ef fyrirséð er að dýr muni, að aðgerð lokinni, líða fyrir örkuml eða þjáningar og engar líkur eru á bata.

20. gr. Tilraunir, kennsla og læknisfræðileg starfsemi.

Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

Það ber að geta að blóðmerar tilheyra undir tilraunadýr vegna þess að þær eru notaðar fyrir framleiðslu á lyfjum. Sjá Reglugerð um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni nr 460, 9 grein. Hægt er að nota önnur efni og aðferðir í staðinn fyrir notkun á PMSG.

Aðalnotkun efnisins er í verksmiðjubúskapi erlendis einkum í svínarækt. Evrópuþingið hefur nú þegar lýst yfir andstöðu við viðskipti með PMSG (eCG) með miklum meirihluta atkvæða. Málið hefur nú verið fært til umfjöllunar hjá Evrópuráðinu. Ein ástæða fyrir því er að kemisk eða gerviefni sem hafa sömu áhrif og PMSG (eCG) eru nú þegar fáanleg og í stöðugri þróun. Þau rök sem viðskiptavinir Ísteka leggja fram að Íslendingar þurfa að halda áfram að búa til PMSG (eCG) því ekki sé hægt að framleiða nógu miklu gerviefni í heimalandi fyrir eigin verksmiðjubú eru sláandi því innan Evrópusambandsins og í Sviss er blóðtaka úr fylfullum hryssum og hryssum með folöld á spena bönnuð með öllu bannaður út af dýravelferðasjónarmiðum, nema í örlitlu magni til rannsókna og læknismeðferðar. Ísland er því eina landið innan Evrópu sem heldur þessum iðnaði áfram í óþökk vilja þjóðarinnar eins og könnun Fréttablaðisins sýnir (66% andvíg þessum búskap).

<https://www.frettabladid.is/frettir/mikill-meirihluti-thjodarinnar-andvigur-blodmerahaldi/>

Hér er verið að úthýsa dýranið til annarra landa til að hagnast á í eigin landi sem stangast á við alla siðferði sem við viljum kenna okkur við. Íslensk svínabú nota ekki PMSG (eCG) og þetta ódýra erlenda svínakjöt kemur á endanum aftur á íslenskan markað í beinu samkeppni við kjöt sem er framleidd á Íslandi án hjálpar frá þessum efnum. Sannleikurinn virðist vera sá að PMSG (eCG) sem framleidd er með dýranið á Íslandi er ódýrari en kemisk eða gerviefni sem hafa sama áhrif.

Reglugerð um velferð hrossa <https://island.is/reglugerdir/nr/0910-2014>, 13 gr:

13. gr. Aðgerðir.

Við sársaukafulla aðgerð skal ávallt deyfa eða svæfa hross og veita því verkjastillandi meðferð. **EKKI MÁ FRAMKVÆMA AÐGERÐIR Á HROSSUM, Þ. Á M. Á TÖNNUM ÞEIRRA, ÁN LÆKNISFRÆÐILEGRAR ÁSTÆÐU.** Þó er heimilt að eyrnamarka hross, gelda hesta og fjarlægja úlfstennur að uppfylltum ákvæðum 1. mgr.

Einnig fer blóðtakan eins og hún framkvæmd hér á landi gegn þau alþjóðlegu leiðbeiningar og viðmiði eins og þau gilda erlendis um blóðtöku á dýrum.

Barla Barandun, Prof Dr med vet Ewald Isenbügel, Veterinärmedizinische und dem Tierschutz dienliche Informationen über die individuelle Gesamtblutmenge des Islandpferdes, die Menge des abgenommenen Blutes und die möglichen Folgen für trächtige Stuten (2021).í þýðingu: <https://www.frettabladid.is/skodun/alitsgerd-um-heildarblodmagn-islenska-hestsins-magn-og-tidni-blodtoku-og-moguleg-ahrif-hennar-a-fylfullar-hryssur-ut-fra-sjonarmidum-dyralaekna>

Sem hestakona og hestaeigandi til margra ára blöskrar mér sú framgöngu sem hrossin hafa þurft að þóla og það álag og þá skaði á heilsu þeirra sem blóðtakan veldur þeim.

Framkvæmd blóðtakanna – líffræðileg áhrif

Eins og kemur fram í grein „*Álitsgerð um heildarblóðmagn íslenska hestsins, magn og tíðni blóðtöku og möguleg áhrif hennar á fylfullar hryssur, út frá sjónarmiðum dýralæknávisinda og dýraverndar*“ eftir Barla Barandun dýralæknir og Prof. Dr. med.vet. Ewald Isenbügel (2021) stenst hvorki blóðmagnið né tíðni af blóðtökunni þeim alþjóðlegum leiðbeiningum og öryggisviðmiðum um velferð dýra í blóðtöku sem eru í gildi erlendis. Þó að íslenski hesturinn er auðvitað í sérstöðu vegna gæða og geðslags er líffræðileg uppbygging hans mjög lík öðrum hestategundum. Barla og Ewald benda á að “Innan Evrópusambandsins og í Sviss er blóðtaka úr fylfullum hryssum og hryssum með folöld á spena bönnuð með öllu, nema í örlitlu magni til rannsókna og læknismeðferðar.”

Ísteka fullyrðir að “áratuga reynsla og margítrekaðar rannsóknir á hryssunum hafa sýnt fram á að blóðgjafirnar hafa engin neikvæð áhrif á heilsu þeirra.” Til varnar blóðmerahaldi hefur verið vitnað í rannsóknir um þennan búskap. Samt hefur Ísteka neitað að leggja þessar rannsóknir eða þau gögn („raw data“) sem styðja þessar rannsóknir fram.

Visað hefur verið í grein frá 1982 um blóðsöfnum úr íslenskum fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu. Lýsingar í þeirri grein vekja óhug endar lýst að sum hryssanna „afveldast“ og „liggja um hríð marflatar“ eftir að blóðtökunni lýkur og „sumar viljar þó hímur dálítið fyrst á eftir og vilja ekki taka í jörð“. Eggert Gunnarsson, Þorsteinn Ólafsson, Ráðunauturfundur, Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu (1982) Stangast þessar lýsingar á við fullyrðingar Ísteka um skaðleysi þessarar blóðtöku.

Framkvæmd blóðtakanna – sálræn áhrif

Í grein sinni „Í þágu hestsins - Blóðmeri“ fjallar dýralæknirinn Ingunn Reynisdóttir um þau sálrænu áhrif sem blóðmerar verða fyrir á meðan á blóðtökunni stendur.

„Ég fullyrði hér að blóðtaka á merum er brot á þessum reglugerðum í flestum tilfellum. Afhverju? Jú hvað gerist þegar meri er rekin inn í þröngan blóðtökubás, hún getur hvorki farið aftur, fram né til hliðar. Hún er svo mýld og höfuð hengt upp og í mörgum tilfellum er strekkjari settur yfir bak hennar svo hún geti engan veginn komist undan þeim aðstæðum sem hún er sett í. Hvað gerist hjá hesti sem settur er í þessar aðstæður? Oft reynir hann að berjast um og losna, eða leggjast niður. En þegar þegar þeir finna að sama hvað þeir gera geta þeir ekki komist undan áreitinu gefast þeir upp. Þeir hestar geta farið yfir í það sem kallað er lært hjálparleysi eða learned helplessness sem er skilgreint sem andlegt ástand þar sem dýrið/einstaklingurinn lærir að það hefur enga stjórn á óþægilegum eða skaðlegum aðstæðum, öll þeirra viðbrögð eru tilgangslaus og þau eru hjálparlaus. Það eru varanlegar líffræðilegar afleiðingar sem ná mun lengra og dýpra en að geta ekki forðast áreitið eða sársaukann. Þegar hestar geta ekki komist undan sársaukanum eða áreitinu er það þeirra lausn að virðast rólegir og aðgerðarlausir til að draga ekki athygli rándýrsins að sér. Hjá þessum hestum mælist hærra magn cortisol sem er stresshormón, einnig sjást oft magasár hjá þessum hestum og eru oft með skert ónæmiskerfi. Ástæða þótti til að setja inn í reglugerð um umhirðu hrossa 2014 eftir að upp kom mál þar sem verið var að leggja hross með böndum að setja sértaklega inn ákvæði um innbindingar og niðurbindingar og ekki mætti uppgæfa hross með bindingum eða öðrum þvingunum og reis matvælastofnun upp á afturfætturnar þá

og fordæmdu verknaðinn sem var vel gert. Hvað veldur því að ekki gildir það sama fyrir blóðmerarnar?“ Ingunn Reynisdóttir (2020)

Eftirlit

MAST hefur að eigin sögn verið eftirlitsaðili á hryssum og folöldum í blóðmerabúskap á vegum Ísteka og stofnunin viðurkenni að þetta eftirlit hafi verið ábótavant. „Eins og kemur fram í mynd alþjóðlegu dýraverndarsamtakanna AWF/TSB þá hefur það eftirlit sem komið hefur verið á fót ekki dugað til.“

https://www.mast.is/static/files/fundargerdir/fundargerdd_fagrað_velferd_dyra_211124.pdf

MAST hefur ekki viljað birta þau gögn sem eiga að styðja þá fullyrðinga Ísteka um að þessar blóðtökur skaði ekki heilsu hryssanna. Ég geri athugasemdir við það að einungis dýralæknir frá MAST hafi verið falið að taka sæti í þriggja manna starfshópi sem landbúnaðarráðherra hefur skipað. Hér hefði þurft að skipa að minnsta kosti einn óháðan dýralækna í viðbót í þennan starfshóp. Ég tek það fram að ég styð þáð fyllilega að starfshópurinn eigi að skoða starfsemina, regluverkið og eftirlitið í kring um hana en geri alvarlegar athugasemdir við það að stofnun eins og MAST sem greinilega hefur ekki staðið sig í því eftirliti sem henni var falið fái að rannsaka sjálfan sig. Þannig rannsókn á eigin málum hefur hingað til aldrei skilað óháðri gagnrýni og óháðri niðurstöðu hvort það er í landbúnaði eða annað staðar.

Fagraðið um velferð dýra leggur á fundi sínum 24.11.2022 til „að Ísteka taki upp myndefni af blóðtökunni sem og meðferð hryssanna í leiðingu að og frá tökubási eða öðru aðhaldi vegna blóðtökunnar. Þá leggur fagraðið til að fyrirtækið geri þessar upptökur aðgengilegar fyrir Matvælastofnun.“

https://www.mast.is/static/files/fundargerdir/fundargerdd_fagrað_velferd_dyra_211124.pdf

Matvælastofnun hefur til margra ára sárkvartað undan því að því vanti starfsfólk í eftirlitsverkefni alls staðar um landið. Það er mér þar af leiðandi algjörlega óskiljandi hvernig MAST ætlar að a.) tryggja að allt verði tekið upp og skjalfest – líka þær blóðtökur sem illa fara b.) ætlar að fara yfir allt þetta efni sem verður til. Blóðtakan sjálf tekur upp í 15 mínútur á hest, svo þarf að festa hestinn og setja nál sem tekst ekki alltaf við fyrstu tilraun. Ég get ekki annað séð að með þessari tillögu sé verið að slá ryk í augu almennings sem hefur gagnrýnd blóðmerabúskapinn. Þannig myndavélaeftirlit er ómögulegt að framkvæma svo að það verði gott eftirlit. Má túlka þessar tillögur þannig að það eigi að taka „stikkpröfur“ og þannig eftirlit er með öllu óásættanlegt.

Ímynd Íslands

Leiðsögumenn og íslenska ferðapjónustan hafa það hlutverk að fræða erlendu gestina okkar um sögu, menningu og náttúru Íslands. Íslenski hesturinn hefur verið samofinn sögu okkar allt frá landnámi og þúsundir ferðamanna fara í lengri og styttri hestaferðir á ári hverju, fara í heimsókn á hestabýli og kaupa vörum tengd íslenska hestinum. Bætti ég hér fyrir neðan við yfirlýsingu frá Leiðsögn – Stéttarfélagi Leiðsögumanna.

Tamningamenn sem halda námskeið og hrossaræktendur sem selja reið- og ræktunarhross út þurfa í stórum stíl á viðskiptavinum erlendis að halda.

Ég tel að orðspori Íslands sé stefnt í bráða hættu með þessu framferði gagnvart varnarlausum dýrum. Eins og sést á umsögnum sem berast núna alls staðar úr heiminum til stuðnings við þetta frumvarp þá er heimurinn að fylgjast grannt með hvaða ákvarðanir Ísland tekur þegar kemur að velferð dýra. Hafa samtök á borð við FEIF og IPZV nú þegar harðlega gagnrýnt blóðmerabúskapinn á Íslandi og hvatt Íslendinga að banna því sem allra fyrst.

Félag Hrossabænda hefur lagt ríka áherslu á skoðaðir verðir heildarhagsmunir hrossaræktar og hestatengdrar starfsemi. „Fjölda starfsgreina og afleiddra starfa má tengja tilvist íslenska hestsins og að mati fundarins ljóst að miklir og viðtækir hagsmunir eru í húfi.“ [Ályktun frá aðalfundi Félags Hrossabænda | Félag Hrossabænda \(fhb.is\)](#)

Yfirlýsing frá Leiðsögn-stéttarfélagi leiðsögumanna

Leiðsögn - stéttarfélag leiðsögumanna lýsir fyrir hönd félagsmanna yfir áhyggjum af því hrottalega dýraníði sem sumir íslenskir hrossabændur hafa gert sig seka um og fjallað hefur verið um í fréttum undanfarna daga. Leiðsögumenn hafa það hlutverk að fræða erlendu gestina okkar um sögu, menningu og náttúru Íslands. Íslenski hesturinn hefur verið samofinn sögu okkar allt frá landnámi og hefur verið kallaður þarfasti þjónninn, stoð hans og stytta í frásögnum um harðbýlið sem íslenska þjóðin bjó við um aldir og enn í dag er hann mikilvægur fyrir bændur og gleðigjafi fyrir íbúa í þéttbýlinu um land allt.

Fátt kallar fram sterkari hughrif gleði og væntumþykju hjá erlendum ferðamönnum en hestastóðin sem sjá má víða í sveitum landsins og þúsundir ferðamanna fara í lengri og styttri hestaferðir á ári hverju. Að særa þá náttúruupplifun og spilla því orðspori að Íslendingar séu sannir dýravínir gæti orðið þjóðinni dýrkeypt. Leiðsögumenn telja að orðspori Íslands og hagsmunum íslenskrar ferðarþjónustu sé stefnt í bráða hættu með þessu framferði gagnvart varnarlausum dýrum.

Leiðsögn-stéttarfélag leiðsögumanna fer þess á leit við stjórnvöld að þau banni samstundis blóðtöku fylfullra hryssa, svokallaðra blóðmera, á Íslandi.

F.h. stjórnar Friðrik Rafnsson, formaður Leiðsagnar-félags leiðsögumanna

Virðingafyllst, Meike Erika Witt Leiðsögumaður, ferðaráðgjafi og hestakona

Heimildir

Janice Cox & Jessica Bridgers, Why is Animal Welfare Important for Sustainable Consumption and Production? UN Environment, 2019

<https://apo.org.au/sites/default/files/resource-files/2019-03/apo-nid225921.pdf>

Linda Keeling et al., Animal Welfare and the United Nations Sustainable Development Goals, 2019, <https://www.frontiersin.org/articles/10.3389/fvets.2019.00336/full>

Barla Barandun, Prof Dr med vet Ewald Isenbügel, Veterinärmedizinische und dem Tierschutz dienliche Informationen über die individuelle Gesamtblutmenge des Islandpferdes, die Menge des abgenommenen Blutes und die möglichen Folgen für trächtige Stuten (2021).í

þýðingu: <https://www.frettabladid.is/skodun/alitsgerd-um-heildarblodmagn-islenska-hestsins-magn-og-tidni-blodtoku-og-moguleg-ahrif-hennar-a-fylfullar-hryssur-ut-frasionarmidum-dyralaekna>

Eggert Gunnarsson, Þorsteinn Ólafsson, Ráðunauturfundur, Blóðsöfnun úr fylfullum hryssum til lyfjaframleiðslu (1982)

https://www.mast.is/static/files/fundargerdir/fundargerd_fagrad_velferd_dyra_211124.pdf

[Ályktun frá aðalfundi Félags Hrossabænda | Félag Hrossabænda \(fhb.is\)](#)

<https://www.feif.org/2022/01/14/an-open-letter-regarding-blood-mares/>

<https://www.ipzv.de/newsdetail-kurzmeldungen/blutfarmen-auf-island.html>

<https://www.frettabladid.is/frettir/mikill-meirihluti-thjodarinnar-andvigur-blodmerahaldi/>